

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Skrifstofa skólans.....	4
Stjórn skólans.....	4
Skipurit.....	4
Stjórnendur.....	5
Kennarar .....	5
Umsjónarkennarar.....	5
Námsráðgjafi.....	6
Þroskaþjálfari.....	6
Starfsmenn skóla.....	6
Umsjónarmaður skólahúsnaðis .....	7
Ritari .....	7
Starfsmannalisti .....	7
Skólaráð .....	9
Nemendafjöldi .....	9
Skipulag skólaársins .....	9
Skipulag skóladagsins.....	9
Skóladagatal 2011-2012 .....	10
Starfsdagar .....	10
Skólasetning.....	10
Samræmd könnunarpróf.....	10
Samskiptadagar .....	11
Vetrarfrí .....	11
Menningarstundir.....	11
Aðventan.....	11
Jólahátíð.....	12
Öskudagur.....	12
Árshátíð.....	12
Heiðarleikarnir .....	12
Skólaslit .....	12
Ýmsir viðburðir .....	13
Upplestrarkeppni.....	13
Hátíðarkvöldverður .....	13
Íþróttadagur/útivist.....	13
Nemendafundir .....	13
Starfskygning nemenda í 10. bekk.....	14
Valgreinar .....	14
Hagnýtar upplýsingar.....	14
Forföll/leyfi nemenda.....	14

Aðkoma að skólanum.....	15
Óskilamunir.....	15
Nemendaskápar á göngum skólans .....	15
Óhöpp, slys og veikindi .....	15
Hjól .....	15
Umferðaröryggi.....	16
Skólareglur.....	16
Nánari lýsing á skólareglum.....	16
Almenn viðbrögð við agámálum.....	18
Bókasafn .....	19
Frístundaskóli .....	20
Mötuneyti og nesti .....	20
Nemendaverndarráð.....	20
Félags- og tómstundastörf.....	21
Nemendafélag/nemendaráð.....	21
Sérfræðipjónusta .....	22
Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar .....	22
Próunarverkefni skólaárið 2011-2012.....	23
Læsisbrú.....	23
Skapandi nám – áhugasamir nemendur.....	23
Áherslu- og umbótaáætlun skólans 2011-2012.....	23
Símenntun .....	25
Símenntunaráætlun starfsmanna skólaárið 2011-2012.....	27
Sjálfsmat .....	29
Sjálfsmatsteymi 2011-2012.....	29
Matsáætlun Heiðarskóla 2011-2012 .....	30
Heilsugæsla.....	31
Foreldrafélagið.....	32
Starfsáætlun Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2011-2012.....	32

## Inngangur

Heiðarskóli birtir stefnu sína með tvennum hætti eins og grunnskólalög og ný aðalnámskrá grunnskóla gera ráð fyrir. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans sem er þetta rit. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þar birtist m.a. stefna skólans og þau gildi sem starf hans byggir á. Einnig eru þar ýmsar áætlanir s.s. aðgerðir gegn einelti, áfallaáætlun og rýmingaráætlun.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólki skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

Í samræmi við umhverfismarkmið skólans er starfsáætlunin birt á rafrænu formi á heimasíðu skólans: [www.heidarskoli.is](http://www.heidarskoli.is). Ef foreldrar hafa ekki aðgang að tölvu er sjálfsagt mál að fá útprentað eintak á skrifstofu skólans. Einnig er hægt að lesa starfsáætlunina á bókasafni skólans.

## Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07.45 – 15.30.

Skólaritari er Þorbjörg R. Óskarsdóttir.

Símanúmer skólans er 420 4500

Faxnúmer er 420 4509

Netfang, heidarskoli@heidarskoli.is

Heimasíða, www.heidarskoli.is


## Stjórn skólans

Skólastjóri er skv. lögum forstöðumaður grunnskóla. Skólastjóri ber ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og veitir honum faglega forystu. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill hans.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri stýra skólahaldi, sinna daglegum rekstri, starfsmannahaldi, samskiptum við foreldra og aðila utan skólans. Þeir starfa í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og árlegar fjárveitingar til skólans.

Við Heiðarskóla starfa tveir deildarstjórar. Annar sér að mestu leyti um málefni yngra stigs, auk skipulagningar og stjórnunar sérkennslumála. Hinn sér að mestu leyti um málefni eldra stigs, auk umsjónar með heimasíðu og fréttu frá skólanum. Deildarstjórar vinna að því að markmiðum aðalnámskrár verði náð og leita leiða til að bæta gæði skólastarfsins.

## Skipurit



## Stjórnendur

Gunnar Þór Jónsson skólastjóri  
Sóley Halla Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri  
Bryndís Guðmundsdóttir deildarstjóri  
Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri

## Kennarar

Í Heiðarskóla starfa 39 kennarar. Kennarar sem ráðnir eru til starfa í grunnskóla gegna því starfi samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla, erindisbréfi og kjarasamningum. Siðareglur fyrir kennara voru samþykktar árið 2002 og hafa kennarar þær reglur að leiðarljósi í sínu starfi. Í erindisbréfi kennara segir í 2. gr:

*„Á kennara hvílir sú skylda að miðla þekkingu til nemenda og veita hverjum nemenda tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði nemenda og frjóa hugsun. Kennara ber að sjá til þess að sérhver nemandi fái viðfangsefni við hæfi, aðstoða hvern og einn í náminu, hvetja til sjálfstæðra vinnubragða, hjálpa hverjum og einum að meta stöðu sína í náminu og stuðla að því að hver nemandi tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur.*

*Kennari skal leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmyndar um háttvísi, stundvísi og reglusemi og gæta trúnaðar við nemendur og virða þann trúnað sem þeir sýna honum. Kennari gæti þagmælsku um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.“*

Erindisbréf í heild sinni og siðareglur kennara er að finna í starfsmannahandbók.

## Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar gegna veigamiklu hlutverki í sambandi við velferð nemenda í skólanum.

Samkvæmt 13. gr grunnskólalaga skal umsjónarkennari fylgjast náið með námi og þroska nemenda sinna, líðan og almennri velferð, leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla að því að efla samstarf skóla og heimila.

Í Heiðarskóla hafa allir nemendur sinn umsjónarkennara sem fylgist vel með námi, ástundun, líðan og hegðun þeirra. Umsjónarkennari gætir hagsmuna umsjónarnemenda sinna innan skólans, er tengiliður við sérgreinakennara, sérfræðinga og heimili. Hann er upplýsingaaðili sem miðlar til nemenda upplýsingum og hefur samband við foreldra/forráðamenn eftir því sem þörf er á.

Umsjónarkennarar boða foreldra til fundar þrisvar sinnum yfir veturinn en auk þess hafa þeir síma- og/eða tölvusamband við þá eftir því sem þörf er á.

## Námsráðgjafi

Helstu verkefni námsráðgjafa eru að veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf. Námsráðgjafi leiðbeinir nemendum um vinnubrögð í námi og tekur þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum. Hann aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf, undirbýr nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga og fylgir þeim eftir inn í framhaldsskóla. Námsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á. Einnig hefur hann samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan eða utan skólans, svo sem kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og vísar málum einstaklinga til þeirra eftir því sem við á. Nemendur Heiðarskóla eiga greiðan aðgang að námsráðgjafa skólans. Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu nema um sé að ræða mál sem tengjast lífi, limum og almennum lögum. Námsráðgjafi skólans er Steinunn Snorradóttir.

## Proskapjálfi

Við Heiðarskóla starfar einn þroskajálfi. Hann hefur umsjón með nemendum með fötlun, sér um þjálfun þeirra og kennslu. Proskapjálfi sinnir ráðgjöf og fræðslu innan skólans um nemendur sem eru með mikil þroskafrávik.

Proskapjálfi er tengiliður skólans við aðra fagaðila sem vinna með nemendum með fötlun. Hann boðar fagfólk og foreldra á teymisfundum og sér um að hjálpartæki nemenda henti þeim og séu stillt reglulega. Proskapjálfi vinnur í samstarfi við Greiningarstöð, sjúkrajálfa og þá fagaðila sem koma að nemendum með fötlun. Proskapjálfi gerir einstaklingsnámskrár fyrir sína nemendur og vinnur því mjög einstaklingsmiðað. Proskapjálfi skólans er María Arnadóttir.

## Starfsmenn skóla

Starfsmenn skóla eru 17 talsins og starfshlutfall þeirra er 40% - 100%

Starfsmenn skóla sinna ýmsum mikilvægum störfum sem tengjast nemendum og skólastarfinu undir verkstjórn skólastjóra. Í skólanum er lögð áhersla á mikilvægi þess að allir sem þar starfa hafa hlutverki að gegna í því að mennta nemendur. Mikilvæg menntun á sér stað fyrir utan hefðbundnar skólastofur, s.s. á göngum og í matsal og þar gegna starfsmenn skólans mikilvægu hlutverki.

Starfsmenn skóla vinna með börnum með sérþarfir og veita aðstoð ýmist inni í bekk eða í sérými, allt eftir þörfum einstaklingsins. Þeir fylgja börnunum m.a. í matsal, frímínútur, sund, íþróttir, sérgreinar og vettvangsferðir. Þeir styðja nemandann í félagslegum samskiptum, bæði í kennslustofunni og utan hennar, ýta undir sjálfstæði nemandans og færni.

Þeir hafa eftirlit með nemendum í skólanum og á skólalóð á starfstíma skólans. Starfsmenn skóla hafa vakandi auga með því að góð samskipti séu á milli nemenda og hlúa að þeim. Starfsmenn skóla sjá um að nemendur gangi vel um skólann og aðstoða þá á ýmsa lund. Þeir sjá meðal annars um tiltekt og aðstoð í matsal og að anddyri skólans séu þrífaleg. Hafa umsjón með kaffiaðstöðu starfsfólks í turnum og að nægar hreinlætisvörur séu í stofum og á salernum skólans. Starfsmenn skólans starfa einnig í Frístundaskólanum. Starfsmenn framreiða morgunmat fyrir starfsfólk skólans ásamt því að sjá um síðdegishressingu þegar þarf t.d. vegna funda.

Auk alls þessa vinna starfsmenn skóla fjölmörg önnur störf í þágu skólans.

## Umsjónarmaður skólahúsnæðis

Umsjónarmaður hefur yfirumsjón með skólahúsnæði ásamt lausum kennslustofum ef um slíkt er að ræða. Hann hefur með höndum daglegt eftirlit með þessum mannvirkjum alla virka daga. Hann hefur umsjón með tækjum og tæknilegum búnaði skólans.

Umsjónarmaður gerir tillögur og/eða áætlanir um viðhald og breytingar á húsnæði skólans ásamt því að hafa eftirlit með störfum fólks, sem sér um ræstingar og þríf á húsnæði skólans. Þá sér umsjónarmaður um margs konar útréttingar og innkaup fyrir skólann. Auk alls þessa sinnir umsjónarmaður ýmsum tilfallandi verkum er tengjast skólanum að beiðni skólastjóra.

## Ritari

Ritari sér um skrifstofu skólans, vinnur ritarastörf og ýmiss önnur störf sem stjórnendur fela honum. Hann sér meðal annars um skráningu og útprentun á einkunum nemenda og að nemendaskrá sé ávallt rétt. Ritari er tengiliður skólans við foreldra, tekur á móti tilkynningum og veitir móttöku skilaboðum fyrir hönd skólans og kemur þeim áfram til viðkomandi aðila innan skólans. Hann sér um sínavörslu fyrir allan skólann, afritunarbúnað fyrir tölvukerfi skólans, skjalaherbergi, ljósritunarstofu, birgðavörslu og innkaup er tengjast skrifstofu og ljósritun, svo eitthvað sé nefnt.

## Starfsmannalisti

### Nafn:

Agnes Ósk Ómarsdóttir  
Anna Pálína Árnadóttir  
Auður Gunnarsdóttir  
Auður Helga Jónatansdóttir  
Árnheiður Guðnadóttir  
Bryndís Björg Guðmundsdóttir  
Bryndís Jóna Magnúsdóttir  
Brynjar Harðarson  
Dagfríður Arnadóttir  
Elín Gunnarsdóttir  
Erla María Andrésdóttir

### Starfsheiti:

Grunnskólakennari  
Stuðningsfulltrúi/Frístund  
Stuðningsfulltrúi  
Grunnskólakennari  
Stuðningsfulltrúi  
Deildarstjóri  
Grunnskólakennari  
Umsjónarmaður bókasafns/leiðbeinandi  
Stuðningsfulltrúi  
Grunn- og framhaldsskólakennari  
Grunnskólakennari

Esther Níelsdóttir	Grunnskólakennari/danskennari
Eva Lilja Ólafsdóttir	Grunnskólakennari
Fanney P Ómarsdóttir	Grunnskólakennari
Gestrún Sveinsdóttir	Stuðningsfulltrúi/Frístund
Gróa Björk Hjörleifsdóttir	Grunnskólakennari
Guðbjörg Lilja Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðbjörg Pálmarsdóttir	Grunnskólakennari
Guðmundur E. Hermannsson	Grunnskólakennari
Guðný Kristjánsdóttir	Stuðningsfulltrúi/leiðbeinandi
Gunnar Valdimarsson	Stundakennari
Gunnar Þór Jónsson	Skólastjóri
Halla Tómasdóttir	Grunnskólakennari
Hanna Vilhjálmsdóttir	Grunnskólakennari
Haraldur Axel Einarsson	Grunnskólakennari
Helena Ósk Jónsdóttir	Grunn- og framhaldsskólakennari
Helga Björg Helgadóttir	Grunnskólakennari
Hólmfríður Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Hulda María Newman	Grunnskólakennari
Inga Ósk Ólafsdóttir	Umsjónarmaður Frístundarskóla
Ingibjörg Pálmadóttir	Grunnskólakennari
Íris Ástþórsdóttir	Grunnskólakennari
Jane Petra Gunnarsdóttir	Grunn- og framhaldsskólakennari
Jón Norðdal Hafsteinsson	Grunn- og framhaldsskólakennari
Kristín G.B. Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Gunnarsdóttir	Grunnskólakennari
Laufey Ragnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Margrét Eðvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi/Frístund
Margrét Helga Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi/Frístund
Margrét Jónsdóttir	Grunn- og framhaldsskólakennari
Margrét Vilmarsdóttir	Matráðskona
María Júlíana Arnardóttir	Þroskaþjálfari
María Óladóttir	Grunnskólakennari
Martha Ólína Jensdóttir	Grunn- og framhaldsskólakennari
Ólög Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir	Grunnskólakennari
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari
Sigurbjörg Róbertsdóttir	Deildarstjóri
Sóley Halla Þórhallsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Sólveig Rós Jóhannsdóttir	Grunnskólakennari
Viðar Ólafsson	Umsjónarmaður skólahúsnaðis
Vigdís Karlsdóttir	Sérkennari
Þorbjörg R Óskarsdóttir	Ritari
Þóra Guðrún Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Þórey Garðarsdóttir	Grunnskólakennari
Þórunn Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi

## Skólaráð

Samkvæmt 8. grein grunnskólalaga skal starfa skólaráð við grunnskóla.

Skólaráð Heiðarskóla starfar samkvæmt lögum og reglugerðum þar um. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalag. Það tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráðið fjallar um skólanámskrá, árlega starfsáætlun skólans, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði á bókasafni skólans. Fundadagatal er birt á heimasíðu skólans. Fundir eru færðir til bókar og fundagerðir birtar á heimasíðu skólans.

## Nemendafjöldi

Í vetur eru 428 nemendur í 20 bekkjardeildum.

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
37	46	32	37	26	50	41	64	46	49
1 hópur	3 bekkir	2 bekkir	2 bekkir	1 bekkur	2 bekkir	2 bekkir	3 bekkir	2 bekkir	2 bekkir

## Skipulag skólaársins

Skólaárinu er skipt í tvær annir og lýkur hvorri fyrir sig með birtingu námsmats sem hefur farið fram alla önnina (símat). Fyrri önnin er frá upphafi skóla og lýkur í janúar og vorönn lýkur með skólaslitum í júní.

## Skipulag skóladagsins

Heiðarskóli er einsetinn, kennsla hefst klukkan 8:10 og lýkur klukkan 15:20. Skóladegi yngstu nemendanna lýkur kl. 13:10 eða 13:50.

Fyrstu frímínútur dagsins eru kl. 9:30 – 9:50. Þá fara nemendur í 1.- 6./7. bekk út en eldri nemendur geta valið hvort þeir dvelja á sal skólans eða fara út. Auk þess eru frímínútur fyrir nemendur í 7. – 10. bekk klukkan 13:50 – 14:00.

Hádegishlé er hluti af skóladegi barnanna og er þeim skylt að dvelja í skólanum á þeim tíma. Nemendur í 1. – 4. bekk borða kl. 11:10. Kennarar eru með þeim í matartímum. Að máltíð lokinni fara nemendur út í umsjón starfsmanna skólans sem einnig hafa umsjón með þeim í öðrum hléum. Kennsla í 1. – 4. bekk hefst að nýju kl. 11:50. Hádegishlé í 5. – 10. bekk er kl. 11:50 – 12:30. Nemendum er með öllu óheimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma. Ef foreldrar vilja fá börn sín heim í hádegi skulu þeir skila inn skriflegri umsókn sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans og/eða hjá ritara.

## Skóladagatal 2011-2012

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

## Skóladagatal 2011 - 2012

Nafn skóla: HEIÐARSKÓLI

ÁUGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 M Frídagur vestirmanna	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fulveldisdagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 F	1 S Pálmásunnudagur	1 Þ Venjaldagurinn	1 F
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 M	2 M	2 L
3 M	3 L	3 Mi	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 S	4 M	4 F	4 M Kennis (skert)
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 M	5 F Þínsdagur	5 L	5 Þ Starfsdagur
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Brettádninn	6 M Dagur leikskólans	6 Þ	6 F Þóstud. lang.	6 S	6 M Skólaþitt
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 M	7 L	7 M	7 F Starfsdagur
8 M	8 F Dagur íslens	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 S Þakadagur	8 Þ Þakadagur	8 F Starfsdagur
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 S	9 M Annar í þóskum	9 M	9 L
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F Starfsdagur	10 L	10 Þ	10 F	10 S
11 F	11 S	11 Þ Starfsdagur	11 F	11 S	11 M	11 L	11 S	11 M	11 F	11 M Starfsdagur
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F Kennis (skert)	12 S	12 F	12 F	12 L	12 Þ
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 M	14 L	14 M	14 F
15 M Starfsdagur	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F
16 Þ Starfsdagur	16 F	16 S	16 M	16 F Dagur ísl. tungu	16 F	16 M	16 F	16 F Anshát	16 M	16 L
17 M Starfsdagur	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S
18 F Starfsdagur	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 S	18 M	18 F	18 M
19 F Starfsdagur	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F Samskiptadagur	19 S	19 M	19 F Sumard. fyrsti	19 L	19 Þ
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F Jólahát	20 F	20 M	20 F Bolludagur	20 Þ	20 M
21 S	21 M	21 M	21 L	21 M	21 L	21 Þ	21 M	21 F Sprengdagur	21 M	21 F
22 M Skólaþetning	22 F	22 F	22 Þ	22 F Starfsdagur	22 S	22 M	22 F	22 F Óskudagur	22 Þ	22 F
23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 F Þorlákmesse	23 M	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L Aðfangadagur jóla	24 Þ	24 F	24 L	24 Þ	24 F Samskiptadagur	24 S
25 F	25 S	25 F	25 Þ	25 F Jóladagur	25 M	25 L	25 S	25 M	25 F	25 M
26 F	26 M	26 M	26 L	26 M Annar í þóskum	26 F	26 S	26 M	26 F	26 L	26 Þ
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 S	27 M
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 M	28 L	28 M Annar í hvítasunnunni	28 F
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 S	29 Þ	29 F
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 F	30 M	30 M	30 L
31 M		31 M		31 L Samráðsdagur	31 Þ		31 L		31 F	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlöðsón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

## Starfsdagar

Kennarar og aðrir starfsmenn skólans mæta til starfa mánudaginn 15. ágúst og vinna næstu fimm daga að undirbúningi og skipulagi vetrarstarfsins. Aðrir starfsdagar eru 11. október, 22. nóvember, 10. febrúar, 8. maí og 5. júní. Eftir að nemendur ljúka skóla að vori eru starfsdagar kennara 7., 8. og 11. júní.

## Skólaþetning

Skólaþetning er fyrsta skóladag hvers skólaárs sem í ár er 22. ágúst. Skólaþetningin fer fram á sal skólans og dvelur hvert aldursstig u.þ.b. klukkustund í skólanum á setningardegi.

Nemendur mæta á sal skólans þar sem skólastjóri setur skólann. Nemendur fylgja sínum umsjónarkennara í heimastofu þar sem almennum upplýsingum er komið til nemenda. Forráðamenn eru sérstaklega boðnir velkomnir á skólaþetningu og hvetur skólinn þá til þess að mæta.

## Samræmd könnunarpróf

Samræmdum könnunarprófum er einkum ætlað að mæla hvort markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum, skóla- og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu.

Samræmd könnunarpróf eru í 4., 7. og 10. bekk eru 19. - 23 september. Í 4. og 7. bekk er prófað í stærðfræði og íslensku en í 10. bekk er prófað í íslensku, stærðfræði og ensku. Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum veita góðar upplýsingar um námlega stöðu nemandans og framfarir.

Skólastjóra er heimilt ef gildar ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt könnunarpróf í einstökum prófgreinum í 4., 7. og 10. bekk.

Skólinn nýtir sér niðurstöður prófanna í sjálfsmati skólans.

### Samskiptadagar

29. september, 19. janúar og 24. apríl eru samskiptadagar í skólanum. Þá er felld niður hefðbundin kennsla en foreldrar/forráðamenn ásamt barni sínu fá viðtalstíma hjá umsjónarkennara og /eða kennara.

### Vetrarfrí

Vetrarfrí er í skólanum 21. og 24. október. Þá daga er Frístundarskólinn einnig lokaður

### Menningarstundir

Reglulega eru haldnar svokallaðar menningarstundir á sal skólans.

Tveir árgangar koma þá saman á sal. Á fyrri menningarstund flytur annar árgangurinn atriði en hinn árgangurinn á þeirri seinni. Skólaárið 2011 – 2012 verða menningarstundirnar haldnar í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember.

Aðalmarkmiðið með þessum stundum er að:

- gefa nemendum tækifæri til að koma fram og flytja atriði fyrir skólafélaga sína
- þjálfa nemendur í að temja sér góða og þrúðmannlega framkomu á samkomum
- efla sjálfstraust nemenda
- efla og ýta undir listsköpun nemenda
- þjálfa nemendur í að hlusta á flutning atriða

### Aðventan

Í desember er ýmislegt gert til að undirbúa jólin og kennslan brotin upp með margvíslegum hætti. Fastir liðir í desember eru m.a. að salur skólans og gangar eru skreyttir, sett er upp jólatré og jólaserúr. Hver bekkur skreytir sína heimastofu og nemendur búa til jólakort og senda bekkjarfélögum og öðrum vinum í skólanum

Á aðventunni koma nemendur saman á sal og syngja jólalög og skólinn býður öllum nemendum upp á heitt súkkulaði og piparkökur við undirspil jólalaga. Nemendur í valgreininni leik- og sönglist flytja jólaleikrit fyrir yngstu nemendurna og einnig hefur skapast sú hefð að gestir koma í heimsókn og lesa fyrir yngstu nemendurna á bókasafni skólans.

## Jólahátíð

Síðasta kennsludag fyrir jólafrí sem er 20. desember verður jólaskemmtun í skólanum. Hefðbundin kennsla fellur niður þennan dag sem er skertur skóladagur og nemendur mæta þrúðbúnir á sína skemmtun.

Jólaskemmtunin er þrískipt, aldursblönduð.

Hátíðardagskrá er á sal þar sem m.a. er fluttur helgileikur og dansað í kringum jólatréð. Þegar því er lokið fer umsjónarkennari með sínum nemendum í stofu og þar eru haldin stofujól.

## Öskudagur

Á öskudag mæta nemendur, kennarar og starfsfólk skólans í furðufötum. Hefðbundin kennsla er til kl 9:30 en eftir það er skólastarf brotið upp og brugðið á leik með nemendum. Öskudagur er skertur skóladagur og eru nemendur í skólanum til kl. 11:00 þann dag. Eftir kl.11:00 tekur Frístundaskólinn við þeim nemendum sem þar eru.

## Árshátíð

Árshátíð skólans verður haldinn 16. mars. Þann dag fellur öll hefðbundin kennsla niður og nemendur mæta einungis á skemmtunina. Nemendur mæta þrúðbúnir á hátíðina og foreldrar eru hjartanlega velkomnir.

Árshátíðin er þrískipt 1.- 4. bekkur, 5.- 7. bekkur og 8.- 10. bekkur.

Á hátíðinni flytja nemendur skemmtiatriði fyrir skólafélaga sína og foreldra.

Eftir skemmtun bjóða nemendur ásamt foreldrum árshátíðargestum upp á kaffi og meðlæti.

Markmið árshátíðar er að:

- gefa nemendum tækifæri til að koma fram og flytja atriði fyrir skólafélaga og gesti
- þjálfar nemendur í að temja sér góða og þrúðmannlega framkomu á samkomum
- eiga ánægjulega stund með skólafélögum og gestum

## Heiðarleikarnir

Þann 4. júní verða haldnir hátíðlegir Heiðarleikarnir í Heiðarskóla. Keppnin er þrískipt þar sem bekkir á yngsta stigi, á miðstigi og unglingsstigi keppa innbyrðis. Veitt er viðurkenning á hverju stigi. Markmið Heiðarleikanna er að efla félagsandann innan skólans og að bekkjarfélagar vinni saman að því að ná sem bestum árangri. Þennan dag er skertur skóladagur.

## Skólaslit

Skólaslit eru síðasta skóladag hvers skólaárs sem í ár er 6. júní. Skólaslitin fara fram á sal skólans og eru aldursskipt. Á skólaslitum eru veittar fjölmargar viðurkenningar m.a. fyrir námsárangur, framfarir, áhugasemi, ástundun og félagsstörf. Að lokinni athöfn á sal fara nemendur í heimastofu. Þar eiga þeir kveðjustund með umsjónarkennara og fá vitnisburðarblöð afhent.

Við lok grunnskólans eru nemendur 10. bekkjar útskrifaðir við hátíðlega athöfn. Að athöfn lokinni er nemendum, foreldrum og starfsfólki boðið til kaffisamsætis á sal skólans.

Nemendur mæta þrúðbúnir og forráðamenn eru hvattir til að koma með börnum sínum á skólaslit.

## Ýmsir viðburðir

### Upplestrarkeppni

Á hverju ári er haldin upplestrarkeppni meðal nemenda í 4. og 7. bekk. Keppnin hjá 7. bekk nefnist Stóra upplestrarkeppnin og hefur skólinn tekið þátt í henni. Hefst hún formlega á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og henni lýkur í mars. Fyrri hluti keppinnar fer þannig fram að nemendur æfa sig í því að lesa upphátt fyrir samnemendur sína. Lýkur keppninni með upplestrarhátíð sem haldin er á sal skólans þar sem 2-3 nemendur eru valdir til áframhaldandi þátttöku fyrir hönd skólans. Í síðari hluta keppinnar keppa fulltrúar skólanna á Suðurnesjum um hver er besti upplesarinn. Keppnin hjá 4. bekk fer eingöngu fram í skólanum og fer fram í síðustu viku marsmánaðar.

Markmið með upplestrarkeppni er:

- að vekja athygli og áhuga nemenda á vönduðum upplestri og framburði
- að nemendur þjálfist í að lesa upphátt
- að nemendur þjálfist í að koma fram fyrir aðra
- að nemendur þjálfist í að hlusta á aðra
- að þjálfarar nemendur í að temja sér góða og þrúðmannlega framkomu

### Hátíðarkvöldverður

Í Heiðarskóla hefur skapast sú hefð að í 10. bekk borða nemendur, kennarar og starfsfólk hátíðarkvöldverð í tengslum við sameiginlega árshátíð eldri nemenda í skólum Reykjanesbæjar. Foreldrar skreyta sal skólans og taka á móti nemendum með blómum og fordrykk. Er þetta ævinlega hin glæsilegasta skemmtun. Þennan dag fer jafnframt fram myndataka 10. bekkinga.

### Íþróttadagur/útivist

Markvisst er unnið að því að efla hreyfingu og útiveru nemenda í skólanum. Meðal annars eru kennarar hvattir til að nýta góðviðrisdaga til útiveru með nemendum.

Dansnámskeið er fyrir alla nemendur skólans. Tveir skipulagðir íþróttadagar er á skólaárinu. Sú hefð hefur skapast í skólanum að nemendur í 10. bekk og starfsmenn skólans keppa í boltagreinum sín á milli og yngri nemendur horfa á.

Markmið með íþróttadögum er að stuðla að aukinni hreyfingu, efla samkennd og félagsanda innan skólans. Einnig taka nemendur þátt í Norræna skólahlaupinu sem fram fer að hausti.

### Nemendafundir

Unnið er markvisst að því að auka ábyrgð nemenda og efla áhrif þeirra á skólabraginn og skólastarfið. Á hverju skólaári funda skólastjóri og aðstoðarskólastjóri með nemendahópum en á fundunum ræða stjórnendur við nemendur um námið og skólastarfið og um leið fá nemendur tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnendur. Nemendum er skipt í hópa allt eftir því hvað hentar hverju sinni og er fundað með hverjum hóp a.m.k. einu sinni yfir skólaárið. Á hverju ári er lögð sérstök áhersla á tiltekið umræðuefni. Aðalumræðuefni hafa t.d. verið viðhorf nemenda til námsmatsaðferða skólans og kennsluhátta. Í ár verður áhersla lögð á umræður um ábyrgð í víðum skilningi.

Það er von stjórnenda að fundirnir verði liður í því að stuðla að jákvæðum og lýðræðislegum skólabrag.

## Starfskynning nemenda í 10. bekk

Að vori fara nemendur 10. bekkjar í starfskynningu í fyrirtæki eða stofnanir í einn til þrjá daga.

Markmiðið er að auka tengsl skólasamfélags og atvinnulífs og að nemendur kynnist atvinnulífi samfélagsins.

Að lokinni starfskynningu vinna nemendur verkefni þar sem þeir kynna þá stofnun eða fyrirtæki sem þeir heimsóttu fyrir bekkjarfélögum og kennurum.

Nemendur fá vitnisburð frá viðtökufyrirtæki/stofnun.

## Valgreinar

Valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda í 8. - 10. bekk. Nemendum er gefinn kostur á að velja um námsgreinar og námssvið. Tilgangurinn er að laga námið að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að tengja námið áhugasviði sínu. Þetta er gert í samvinnu við foreldra og kennara. Valfrelsi nemenda getur haft bein jákvæð áhrif á námsárangur þeirra og líðan í skóla því nemendur eru ekki allir jafn færir á öllum sviðum. Inntak valnáms má skipta í þrjá flokka:

- Val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla.
- Val sem miðar að skipulögðum undirbúningi undir starfsmenntun og listnám.
- Val sem stuðlar að lífsfyllingu.

Skólaárið 2011 – 2012 gefst nemendum í 9. og 10. bekk kostur á að velja námsgreinar í 5 kennslustundir á viku. Ekki er boðið upp á val í 8. bekk á þessu skólaári.

Til að auka fjölbreytni og val nemenda skipta nemendur í flestum tilfellum um valgreinar um áramót.

Í apríl ár hvert er haldinn fundur með nemendum og foreldrum þeirra þar sem valgreinar næsta skólaárs eru kynntar. Einnig kynnir námsráðgjafi skólans námsframboð framhaldsskólans fyrir nemendum í 9. bekk.

Markmiðslýsingar og mat hverrar valgreinar er að finna í bekkjarnámskrá viðkomandi bekkja.

## Hagnýtar upplýsingar

### Forföll/leyfi nemenda

Foreldrar eru beðnir að tilkynna forföll barna sinna eins fljótt og mögulegt er á skrifstofu skólans. Umsjónarkennarar geta veitt nemendum leyfi úr einstökum kennslustundum og allt að einum degi að ósk foreldra. Foreldrum ber að láta vita af veikindum barna sinna á hverjum degi símleiðis. Um lengri leyfi frá námi þarf að sækja skriflega til skólastjóra. Hægt er að nálgast þar til gerð eyðublað á heimasíðu skólans eða hjá ritara. Foreldrum er bent á að þeir bera ábyrgð á námi nemenda á þeim tíma sem barn/börn þeirra eru í leyfi. Foreldrar eru beðnir að gæta hófs í umsóknum um leyfi því löng og ítrekuð fjarvera frá skóla er líkleg til að hafa ekki jákvæð áhrif á námsárangur nemenda.

## Aðkoma að skólanum

**Aðalinngangurinn** er að sunnanverðu fyrir miðju skólans. Þaðan er gengið inn í miðrymi skólans og skrifstofur sem eru á annarri hæð.

**Austurinnangur** er að neðanverðu og er hann aðallega ætlaður nemendum í 7. – 10. bekk.

**Vesturinnangur** er að ofanverðu við Heiðarból og er hann aðallega ætlaður nemendum í 1. – 6. bekk.

Bílastæði skólans eru við Heiðarhvamm. Þeir sem koma akandi að skólanum með börn sín eru beðnir um að nota hringtorgið við Heiðarhvamm í öryggisskyni. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að leggja ekki bifreiðum í hringtorgið ef þeir eiga erindi inn í skólann heldur leggja í bílastæðin.

Nemendur geta gengið inn í skólann þar sem þeir helst vilja en skór þeirra þurfa alltaf að vera í viðeigandi skóhillum sem eru merktar þeirra árgangi.

## Óskilamunir

Árlega verður eftir fjöldi óskilamuna í skólanum. Foreldrum og nemendum er bent á að snúa sér til starfsmanna skólans og/eða íþróttahúss í leit að týndum eigum. Ef fatnaður hefur ekki verið sóttur í lok skólaárs er hann gefinn til líknarfélaga.

## Nemendaskápar á göngum skólans

Á göngum skólans eru læsanlegir skápar sem eldri nemendur hafa aðgang að. Skáparnir eru ætlaðir eldri nemendum. Nemendur sem óska eftir að fá leigðan skáp greiða kr. 1000 og fá þá lás til umráða. Nemendur eru beðnir að snúa sér til umsjónarmanns skólabyggingar ef þeir óska eftir afnot af skáp. Gert er ráð fyrir að þeir nemendur sem eru með fartölvur geymi þær í læsanlegum skápum þegar þær eru ekki í notkun. Nemendum er bent á að setja öll verðmæti einnig í læsta skápa.

## Óhöpp, slys og veikindi

Slasist barn í skólanum veita hjúkrunarfræðingur, kennarar eða starfsfólk skólans skyndihjálp. Þurfi barn að fara á slysadeild er æskilegt að foreldrar fari sjálfir með barnið, ef ekki næst í foreldra fara starfsmenn með barnið. Óhöpp og slys nemenda eru tilkynnt foreldrum eins fljótt og auðið er. Því er nauðsynlegt að skólaritari hafi símanúmer foreldra; heimasíma, farsímanúmer og símanúmer á vinnustað. Sá aðili sem fer með barn á slysadeild þarf að nálgast beiðni hjá ritara til afhendingar á Heilsugæslustöð. Nánari vinnureglur vegna slysa er að finna í starfsmannahandbók.

Ef nemandi er með alvarlegan sjúkdóm er nauðsynlegt að láta skólaheilsugæsluna vita af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Starfsmenn skólans fara reglulega á skyndihjálparnámskeið.

## Hjól

Hjól, hjólabretti og línuskautar eru leyfð til að ferðast til og frá skóla. Þá er skylda að nota hjálm. Notkun hjóla, hjólabretta og línuskauta er óheimil á skólalóð á skólatíma. Ef nemendur koma á línuskautum í skólann þurfa þeir að taka með sér skó því óheimilt er að

vera á línuskautum á skólalóðinni á skólatíma og eins getur verið að kennari fari út með nemendur í útikennslu.

Nemendum er frjálst að koma á reiðhjólum í skólann ef þeir hafa náð tilskyldum aldri. Við mælumst þó til þess að nemendur komi ekki á reiðhjólum í skólann í svartasta skammdeginu, þegar snjór er eða hálka á götum. Skólinn tekur ekki ábyrgð á hjólum nemenda.

### Umferðaröryggi

Í mörgum árgöngum skólans fer fram umferðarfræðsla (sjá bekkjarnámskrár).

Á hverju skólaári koma lögregluþjónar og ræða við nemendur um umferðina.

Nemendur eru hvattir til að koma gangandi í skólann. Nauðsynlegt er að foreldrar finni með börnum sínum bestu og öruggustu leiðina í skólann, hvetji þau til að nota gangbrautir og bendi þeim á slysagildirur sem ber að varast.

Nauðsynlegt er að nemendur séu með endurskinsmerki svo ökumenn eigi auðveldara með að sjá þá í skammdeginu.

Starfsfólk skólans vill af gefnu tilefni fara þess á leit við foreldra sem aka börnum sínum í skólann að nota hringtorgið við aðalinngang skólans vegna slyshættu sem getur skapast við hliðarinnnganga skólans.

### Skólareglur

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á jákvæð samskipti milli allra sem þar starfa: nemenda, kennara og alls starfsfólks. Lögð er áhersla á að nemendur fái jákvæða og uppbyggjandi leiðsögn varðandi hegðun og framkomu og áhersla lögð á gagnkvæma virðingu og tillitssemi.

Lögum samkvæmt skulu skólar setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Til að starfsandi og skólabragur sé sem bestur í okkar skóla höfum við sett okkur fáar og skýrar reglur. Einnig kemur þar skýrt fram hvernig brugðist er við agabrotum.

**Skólareglur Heiðarskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans, hvort heldur í kennslu, innan veggja skólans eða utan, á skólaskemmtunum, á skólalóð, vettvangsferðum, félagsstarfi eða ferðalögum.**

1. *Við mætum stundvíslega og stundum námið af bestu getu.*
2. *Við komum fram af kurteisi og tillitssemi og förum að fyrirmælum starfsfólks.*
3. *Við göngum vel um og stofnum ekki öryggi fólks í hættu.*
4. *Við hugum vel að heilsu okkar og neytum ekki tóbaks, áfengis eða ólöglegra vímuefna.*

### Nánari lýsing á skólareglum

1. **Stundvísi.** Mikilvægt er að nemendur komi á réttum tíma í kennslustund. Ætlast er til að foreldrar hringi daglega og tilkynni veikindi og/eða seinkomur. Um lengri leyfi en einn dag þarf að sækja skriflega til skólastjórnenda. Fjarvist er heimilt að gefa, mæti

nemandi eftir að 15 mínútur eru búnar af kennslustundinni. Yfirlit yfir ástundun nemenda er hægt að nálgast á Fjölskylduvef Mentors.

**Nám.** Nám er vinna sem ætlast er til að nemendur skili af sér, jafnt í skóla sem heima. Kennarar vinna að því með jákvæðum aga og í samráði við forráðamenn að nemendur virði kennslustundir sem dýrmætan vinnutíma. Kennari fylgist með námsframvindu og hegðun nemenda sinna og gerir ráðstafanir í samræmi við skólareglur ef út af ber.

**Brot.** Ef nemandi verður uppvís að skila verkefni og/eða ritgerð, sem aðrir hafa samið, fær viðkomandi einkunnina núll fyrir verkefnið og eru foreldrar/forráðamenn upplýstir um málið. Það sama á við ef nemandi verður uppvís að því að svindla á prófum.

2. **Kurteisi.** Það er sameiginlegt markmið skólans og heimilanna að rækta með börnum og unglingum almenna kurteisi og viðurkenndar samskiptareglur manna í milli. Við komum fram við aðra, eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur. Ef nemandi er staðinn að því að skaða aðra nemendur, eyðileggja vinnu eða leiki er hann tekinn úr aðstæðum og úrræði fundin til bóta.

**Yfirhafnir.** Við erum ekki með höfuðföt, utanyfirflíkur, o.þ.h. í kennslutíma, í matsal eða á samkomum á sal skólans.

**Tæki.** Í kennslustundum eiga nemendur ekki að vera með ýmis tæki sem tengjast ekki náminu og valda truflun. Notkun hvers kyns myndavéla er með öllu óheimil á skólatíma, nema með sérstöku leyfi kennara. Verðmæti á að láta geyma hjá baðverði í íþróttahúsi þegar nemendur fara í íþróttir og sund.

3. **Umgengni.** Nemendur temji sér góða umgengni í skólanum, s.s. í skólastofunni, matsal, á göngum og skólalóð. Ef nemandi veldur vísvitandi eða vegna alvarlegs gáleysis skemmdum á eignum skólans eða annarra í skólanum, er hann bótaskyldur og málinu er vísað til skólastjóra. Tyggjó er óæskilegt í skólanum.

**Öryggi.** Allir eiga rétt á að finna til öryggis í skólanum. Framkoma og hegðun nemenda skal vera þannig að hún ógni ekki öryggi annarra. Mæti nemandi með eldfæri, hníf eða annað, sem getur skaðað hann sjálfan eða aðra í skólanum, verður það umsvifalaust tekið af honum og einungis foreldrar geta endurheimt slíka hluti.

**Skólalóð.** Við yfirgefum ekki skólalóðina á skólatíma. Vilji foreldrar heimila barni sínu að yfirgefa skólann eða skólalóðina á skólatíma, skal það tilkynnt til skólans í einstaka tilfellum, eða sótt um það skriflega á sérstökum eyðublöðum hjá ritara skólans eða á heimasíðu, ef það á að vera meginregla. Komi nemandi á hjóli, hjólaskautum, hjólabretti, sleða eða einhverjum öðrum farartækjum, skulu þau ekki notuð á skólalóðinni á skólatíma. Noti nemandi slíkt farartæki á skólalóð á hann það á hættu að það verði tekið af honum tímabundið.

**Fatnaður.** Nauðsynlegt er að merkja allar yfirhafnir og skófátnað. Skólinn tekur ekki ábyrgð á því ef skór, fatnaður eða aðrar eigur nemenda hverfa úr skólanum. Það sama gildir ef peningar eða önnur verðmæti hverfa t.d. úr yfirhöfnum eða töskum. Reglan er að nemendur beri ábyrgð á eignum sínum í skólanum.

4. **Heilsa.** Nemendur hugsi vel um heilsu sína og temji sér að borða hollan og góðan mat. Sælgæti og neysla gosdrykkja er bönnuð í skólanum á skólatíma, nema í sérstökum undantekningartilfellum að mati kennara.

**Tóbak, áfengi og ólögleg vímuefni.** Verði nemandi staðinn að því að neyta tóbaks á skólatíma, á skemmtunum eða í ferðum á vegum skólans, er málinu vísað strax til umsjónarkennara og skólastjóra og foreldrar/forráðamenn látnir vita. Brot geta varðað brottvísun úr skóla tímabundið. Ef nemandi neytir áfengis eða ólöglegra vímuefna á

skólatíma, á skemmtunum eða í ferðum á vegum skólans, er málinu strax vísað til skólastjóra, sem hefur samband við foreldra/forráðamenn og nemandanum er vikið úr skóla tímabundið.

### **Almenn viðbrögð við agamálum**

Kennari ræðir við nemendahópinn um skólareglurnar og viðbrögð við agamálum og gerir hann samábyrgan fyrir góðum bekkjaranda og hvetjandi námsumhverfi. Kennari tekur á agamálum inni í bekk.

#### **1. stig**

Ef það kemur í ljós að einstaklingur er ábyrgur fyrir truflun í kennslustund eða gerist á annan hátt brotlegur við skólareglurnar, ber kennara að ræða við nemandann. Nemandi gefst tækifæri til að leiðrétta og bæta fyrir brot án frekari beitingar viðurlaga. Kennari, umsjónarkennari eða annar starfsmaður skólans geta aðstoðað nemandann við að leysa úr sínum málum.

#### **2. stig**

Breyti nemandi ekki hegðun sinni eða við ítrekuð brot þá lætur kennari foreldra/forráðamenn og umsjónarkennara vita um vandann og óskar eftir að þeir taki þátt í lausn hans.

#### **3. stig**

Beri samstarf við foreldra/forráðamenn ekki árangur leitar kennari eftir samstarfi um lausn þess við deildarstjóra. Hægt er að vísa máli nemandans til námsráðgjafa og/eða nemendaverndarráðs. Ef vísa þarf málum til sálfræðings skólans er slíkt gert með samþykki foreldra/forráðamanna.

#### **4. stig**

Náist ekki árangur máls í meðförum deildarstjóra, skal vísa málinu til skólastjóra sem ræðir við nemandann og áminnir um leið og hvatt er til betri hegðunar. Láti nemandi ekki skipast við áminningar skólastjóra, kallar skólastjóri foreldra/forráðamenn til fundar, þar sem reynt er að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig best er að leysa vandann.

#### **5. stig**

Ef ekki tekst að finna lausn á vanda nemandans og ef hegðun hans kemur í veg fyrir eðlilegt skólastarf getur skólastjóri vísað honum úr skóla tímabundið, meðan reynt er að finna lausn á vanda nemandans (sbr. 14. gr í lögum um grunnskóla nr. 91/2008). Skólastjóra ber að ræða við foreldra/forráðamenn áður en gripið er til slíkrar brottvísunar og hún tilkynnt til Fræðsluskrifstofu.

Ef ekki tekst að leysa vanda nemandans innan skóla á viku, vísar skólastjóri málinu til Fræðslufyrirvalda. Fræðslufyrirvöld bera ábyrgð á að tryggja nemanda skólavist innan hæfilegs tíma frá brottvísun.

### **Ítrekuð brot**

Ef nemandi brýtur ítrekað skólareglur, er ekki sjálfgefið að hann fái að fara í ferðalög á vegum skólans. Skólastjórnendur skulu gera nemandi og foreldrum/forráðamönnum grein fyrir slíkum viðurlögum og nemandi jafnframt gefinn kostur á að bæta hegðun sína þannig að ekki þurfi að beita áður nefndum viðurlögum.

### Skýr mörk

Við alvarleg agabrot getur komið til brottvísunar án áminningar. Komi brottvísun til framkvæmda eiga nemandi og forráðamenn hans rétt á andmælum samkvæmt 13. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nemandi sem gerist sekur um alvarleg brot á skólareglum og/eða almennum lögum í ferðum á vegum skólans er sendur heim á kostnað forráðamanna. Þeir eru síðan boðaðir til fundar í skólanum.

Skólareglurnar voru endurskoðaðar haustið 2009 og birtast einnig á heimasíðu skólans [www.heidarskoli.is](http://www.heidarskoli.is)

### Bókasafn

Bókasafnið er opið á skólatíma alla virka daga. Nemendur eru duglegir að fá bækur að láni en lánstími bóka eru tvær vikur.

Safnkosturinn er aðallega á rituðu máli og eru um 8500 bækur á skrá. Á bókasafninu eru einnig hljóðbækur, myndbönd, geisladiskar, tímarit, spil og kennsluleiðbeiningar. Nemendur eru hvattir til að nýta sér aðstöðuna á safninu til að lesa bækur eða sinna verkefnavinnu. Stefnt er að því að fá rithöfunda í heimsókn til að kynna bækur sínar.

Á dagskrá bókasafnsins skólaárið 2011- 2012 verður vakin athygli á nokkrum flokkum bóka og settar upp sýningar í tengslum við þá

Október	Vakin athygli á rithöfundum og bókum sem hlotið hafa íslensk barnabókaverðlaun
Nóvember	Norræn bókasafnsvika. Bryndís Bjarnadóttir rithöfundur kemur í heimsókn og kynnir bók sína: Flugan sem stöðvaði stríðið
Desember	Jólasögur. Gestalesarar lesa fyrir yngstu börnin á aðventu
Janúar	Galdrar, glæpasögur og hrollvekjur
Febrúar	Bók verður bío
Mars	Fræðibækur fyrir börn og unglínga
Apríl	Sögur, sagnir og rithöfundar frá Suðurnesjum
Mái	Teiknimyndasögur

(dagskrá safnsins er birt með fyrirvara um breytingar)

Á safninu gilda eftirfarandi reglur:

- við göngum hljóðlega um safnið
- við förum vel með þær bækur og gögn sem við fáum að láni
- við göngum frá bókum og gögnum á rétta staði
- við virðum lánstíma bóka og skilum á réttum tíma

[www.heidarskoli.is/bokasafn](http://www.heidarskoli.is/bokasafn)

## Frístundaskóli

Í Heiðarskóla er boðið upp á þjónustu fyrir nemendur í 1. – 4. bekk eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og starfar hann til kl. 16.00. Frístundaskólinn býður samfellda dagskrá þar sem fléttað er saman íþróttæfingum, listum, tómstundastarfi og fræðsluverkefnum ásamt næringu og hvíld. Starfsfólk Frístundaskólans vinnur eftir hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar. Síðdegishressing er útbúin af Skólamat.

Fjórir starfsmenn sjá um Frístundaskólann í vetur en í skólabyrjun voru um 50 nemendur skráðir í hann. Frístundaskólinn starfar einnig á svokölluðum skertum nemendadögum en er lokaður á starfsdögum og í vetrarleyfum skólans. Þegar sótt er um dvöl í Frístundaskólanum þarf að fylla út umsóknareyðublað sem liggur frammi á skrifstofu skólans en einnig er hægt að sækja um rafrænt á heimasíðu skólans. Sótt er um fyrir hvert skólaár í senn. Ef vistunartíma er breytt skal gera það fyrir 15. hvers mánaðar. Segja verður upp vist í Frístundaskólanum með tveggja vikna fyrirvara. Nauðsynlegt er að tilkynna veikindi og leyfi til umsóknarmanns eða skólaritara fyrir kl. 13 þá daga sem nemendur koma ekki í Frístundaskólann.

Gjaldkeri bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar sér um innheimtu gjalda fyrir Frístundaskólann. Kostnaður foreldra er 14.800 krónur á mánuði miðað við fullt gjald með síðdegishressingu. Hægt er að biðja um tímavistun og kostar þá hver klst. 315 kr. og síðdegishressing kr. 125 kr.

Nánari upplýsingar um Frístundaskólann má sjá á heimasíðu skólans [www.heidarskoli.is](http://www.heidarskoli.is)

## Mötuneyti og nesti

Nemendur í 1. – 7. bekk borða nesti sitt öðru hvoru megin við frímínúturnar, kl. 9:30 og les kennarinn þá gjarnan fyrir bekkinn. Nesti hafa nemendur með sér að heiman en geta fengið keypta drykki, jógúrt, samlokur, langlokur og ávexti í skólanum. Ekki hefur þó tíðkast að allra yngstu nemendurnir kaupi nesti í skólanum. Verðið er hægt að sjá á heimasíðu skólans. Foreldrar eru beðnir að sjá til þess að nemendur hafi með sér hollt og gott nesti í skólann.

Nemendur í 8.- 10. bekk borða nesti sitt í frímínútum í mötuneyti skólans. Nemendur geta haft með sér nesti að heiman en einnig er hægt að kaupa sér hressingu í mötuneytinu.

Aðstaða er fyrir nemendur til að grilla sér samlokur eða hita í örbylgjuofni.

Nemendur eiga þess kost að kaupa hádegismat í skólanum en Skólamatúr sér um mötuneytið. Hægt er að kaupa áskrift eða matarkort í mötuneyti skólans virka daga kl. 9.00—11.00 og hjá Skólamat að Iðavöllum. Lögð er áhersla á að hafa matseðilinn fjölbreyttan og leitast er við að uppfylla þær kröfur sem Manneldisráð gerir til skólamötuneyta. Hægt er sjá matseðil skólans á heimasíðu skólans eða á skolamatúr.is. Nemendur temja sér góða umgengni í matsal.

## Nemendaverndarráð

Í samræmi við grunnskólalög 91/2008 starfar nemendaverndarráð í Heiðarskóla. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og heilsugæslu. Nemendaverndarráð fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur. Þar er fjallað um málefni sem snerta velferð nemenda námslega, félagslega og tilfinningalega. Nemendaverndarráð gegnir einnig hlutverki eineltisteymis. Ráðið fundar einu sinni í viku og eru fundir færðir til bókar. Ráðið fjallar

faglega um mál, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu þeirra. Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri/aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur skólans og sálfræðingur. Allir starfsmenn skólans og forráðamenn nemenda geta vísað málum til nemendaverndarráðs og skal það gert skriflega á þar til gerðum eyðublöðum. Öll mál sem rædd eru í nemendaverndarráði eru trúnaðarmál. Nákvæmar reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga er að finna í starfsmannahandbók.

Tilkynningaskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Vakin er athygli á barnaverndarlögum frá 2002 um tilkynningaskyldu þeirra sem hafa afskipti af börnum en 17. grein laganna segir:

*„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningaskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.”*

## Félags- og tómstundastörf

Umsjónarmenn félagsstarfa vinna áætlanir um félagsstarfsemina í samráði við nemendaráð. Einnig er haft samstarf við tómstundaleiðbeinendur í öðrum grunnskólum Reykjanesbæjar.

Skipulagt félagsstarf er í Heiðarskóla fyrir mið- og unglíngastig, þar fylgir 7. bekkur miðstiginu. Nokkrar skipulagðar skemmtanir eru haldnar fyrir yngsta stigið.

Tekið er tillit til útivistarreglna varðandi tímalengd og tímasetningu skemmtana.

Miðað er við eftirfarandi tímasetningar.

- 4.-5. bekkur 17:00-19:00
- 6.-7. bekkur 19:30-21:30
- 8.-10. bekkur 20:00-22:00 (23.00)

Minnt er á að skólareglur gilda í félagsstarfi nemenda. Brot á reglunum jafngildir broti á skólareglum á skólatíma.

## Nemendafélag/nemendaráð

**Allir nemendur skólans eru í nemendafélagi skólans nema að þeir óski eftir öðru.**

Nemendur úr 8.-10. bekk skipa síðan nemendaráð Heiðarskóla. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í nemendaráði sækja um það að vori. Formaður nemendaráðs er valinn úr þeim 10. bekkingum sem nemendaráð skipa.

Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðamálum nemenda. Það skipuleggur og hefur umsjón með íþróttastarfi og íþróttakeppnum innan skólans og við aðra skóla.

Það fær skólanámskrá og starfsáætlun til kynningar og einnig ef fyrirhugaðar eru meiriháttar breytingar á skólahaldinu. Skólastjóri sér til þess að nemendaráð fái aðstoð eftir þörfum og fundar reglulega með ráðinu.

Nemendaráð skipuleggur félagsstarf í skólanum ásamt umsjónarmönnum félagsstarfa.

Ráðið vinnur á öllum skemmtunum og það kemur fram sem fulltrúi nemenda.

Nemendafélag skólans setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð en samkv. grunnskólalögum frá 2008 sitja tveir nemendur skólans í skólaráði.

Starf nemenda í nemendaráði er metið sem ein valgrein.

Dæmi um helstu viðburði á skólaárinu:

Sameiginlegt diskótek fyrir 5. – 7. bekk

Jólaball fyrir 8. – 10. bekk

Árshátíðarball fyrir 8. – 10. bekk

Gettu enn þá betur fyrir 8. – 10. bekk

Íþróttamót milli skóla og innan skóla

Spurningakeppni grunnskóla fyrir 8. – 10. bekk

Diskótek og opin hús fyrir nemendur Heiðarskóla

Bingó

## Sérfræðiþjónusta

### Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Fræðsluskrifstofan veitir sérfræðiþjónustu í samræmi við 40. grein grunnskólalaga og reglugerð þar að lútandi. Markmið Fræðsluskrifstofu er að gefa skólum kost á sem víðtækastri sérfræðiþekkingu þannig að hún nái að veita kennslufræðilega og sálfræðilega ráðgjöf og aðstoð við umbóta- og þróunarstarf.

**Sálfræðingur** veitir börnum, foreldrum/forráðamönnum og kennurum ráðgjöf og stuðningsviðtöl og sinnir sálfræðilegri greiningu nemenda.

Oftast eru það kennarar og/eða foreldrar barns sem leita eftir aðstoð sálfræðings. Skilyrði fyrir því að sálfræðingur taki mál til úrlausnar er að umbeðnar upplýsingar séu veittar á sérstöku tilvísunarblaði. Sálfræðingur vinnur með nemendum sem eiga í sálrænum og félagslegum erfiðleikum. Inngrip sálfræðings felur m.a. í sér athugun og mat á þroska, líðan og hegðun. Hann gerir tillögur til úrbóta og tekur þátt í áætlanagerð um aðstoð. Greininga- og stuðningsviðtöl fara fram í skólanum eða á Fræðsluskrifstofu. Í vetur verður sálfræðingur við í skólanum á þriðjudögum.

**Talmeinafræðingur** greinir mál og talörðugleika og veitir nemendum meðferð auk þess að veita börnum, foreldrum/forráðamönnum og starfsmönnum skólans ráðgjöf. Talþjálfun fer fram á Fræðsluskrifstofu. Foreldrar nemenda sem hafa verið í talþjálfun hjá talmeinafræðingi í leikskóla þurfa að fylla út tilvísunarblað fyrir áframhaldandi talþjálfun í grunnskóla.

**Kennsluráðgjafar** sjá um greiningu á námsörðugleikum, fundar með deildarstjóra í sérkennslu og sinnir ráðgjöf til kennara og foreldra.

## Þróunarverkefni skólaárið 2011-2012

Á þessu skólaári verður unnið að tveimur þróunarverkefnum. Læsisbrú á yngsta stigi og Skapandi nám – áhugasamir nemendur á miðstigi.

### Læsisbrú

Þróunarverkefnið Læsisbrú er unnið af umsjónarkennurum í 1. – 3. bekk undir verkstjórn deildarstjóra á yngra stigi. Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins. Verkefnið hófst á síðasta skólaári en gert er ráð fyrir að það taki tvö skólaár. Megin tilgangur verkefnisins er að móta verklag og samvinnu milli leik – og grunnskóla með það að markmiði að góð samfella skapist í námi nemenda aðallega lestri. Mikilvægt er að nemendur haldi áfram að byggja ofan á þá reynslu og hæfni sem þeir hafa öðlast í leikskólunum og að grunnskólinn hugi að því að eðlilegt flæði og samhengi sé í námi barnanna. Forsenda þess að góður árangur náist í því sambandi er m.a. að efla tengsl kennara sem starfa á þessum tveimur skólastigum.

### Skapandi nám – áhugasamir nemendur

Þróunarverkefnið Skapandi nám – áhugasamir nemendur er unnið af kennurum í 4. – 7. bekk undir verkstjórn Haraldar Axels Einarssonar og Þóru Guðrúnar Einarasdóttur kennara á elsta stigi. Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins. Markmið verkefnisins er að efla áhuga og metnað nemenda á miðstigi á sínu námi. Gert er ráð fyrir að skapandi starf sé leið til þess að efla áhuga nemenda á náminu og bæta um leið námsárangur. Kennarar ígrunda starfshugmyndir sínar og kennsluaðferðir og efla allt faglegt samstarf sín í milli.

## Áherslu- og umbótaáætlun skólans 2011-2012

Skólastarf þarf að vera í sífelldri mótun. Skólaþróun byggist á viðhorfum og verklagi þeirra sem starfa í skólanum og er skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta. Allt starfsfólk Heiðarskóla vinnur saman að því að íhuga og rýna í starf sitt með það að markmiði að bæta það og um leið að bæta skólastarfið í heild sinni.

Sett hefur verið fram áherslu- og umbótaáætlun sem tekur mið af sjálfsmati skólans svo og þeim þróunarverkefnum sem ákveðið hefur verið að vinna að þetta skólaár. Ný aðalnámskrá grunnskóla hefur einnig orðið kveikja að áhersluatriðum.

Unnið er eftir umbótaáætlun og metið hvort að árangur hefur náðst.

Markmið	Aðgerðir/Viðbrögð	Umsjón	Mat á árangri - viðmið
Að efla lestrarfærni nemenda í öllum árgöngum. Sérstök áhersla á aukinn lesskilning	Markviss áhersla á lestur og lesskilning. Starfsmaður Námsmatsstofnunar tekur saman niðurstöður í lesskilningi í samræmdum könnunarprófum og Pisa. Kynnir fyrir kennurum. Aðgerðaráætlun í lestri endurskoðuð. Teymishópur vinnur áætlun um hvernig efla megi lesskilning. Endurvekja kunnáttu okkar í gagnvirkum lestri	Skólastjórnendur og teymi	Allir nemendur eru raddlestrarprófaðir í upphafi skólaárs. Skólastjórnendur, sérkennari og íslensku/umsjónar-kennarar fara yfir niðurstöður prófa í september og huga að aðgerðum þar sem þar er þörf. Fundað aftur fyrir áramót og á vorönn og skoðað hvernig hefur gengið. Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum skoðaðar. Námsáætlanir taka mið af þessum markmiðum. <b>Viðmið:</b> Nemendur skólans séu á landsmeðaltali eða ofar á öllum samræmdum könnunarprófum
Að fyrirbyggja einelti	Allir starfsmenn skólans þurfa að vera á varðbergi gagnvart einelti. Aukin fræðsla um einelti. Farið í eineltishringinn. Haldnir bekkjarfundir. Markviss skráning á eineltismálum hjá nemendaverndarráði, allt skráð þegar grunur er um einelti og farið eftir viðbragðsáætlun. Unnið eftir viðbragðsáætlun skólans. Tengslakannanir lagðar fyrir í árgöngum. Upprifjun á eineltisáætlun Olweusar fyrir starfsmenn annað hvert ár	Skólastjórn og nemendaverndarráð	Olweusarkönnun lögð fyrir annað hvert ár. Skólapúlsinn
Að stuðla að samfellu í námi barna á milli leik - og grunnskóla og bæta námsárangur á yngsta stigi	Haldið áfram með þróunarverkefnið Læsisbrú	Skólastjórn, Bryndís G.verkefnisstjóri	Staðan metin á teymisfundum. Viðhorfakannanir og lestrarpróf. Niðurstöður úr Leið til læsis, Læsi 2 . og samræmdum könnunarprófum í 4. bekk
Að efla námsáhuga nemenda á miðstigi og bæta námsárangur	Unnið að þróunarverkefninu Skapandi nám - áhugasamir nemendur	Skólastjórn og verkefnisstjórnir Haraldur Axel og Þóra Guðrún	Staðan metin í febrúar og í lok skólaárs <b>Viðmið:</b> Nemendur skólans séu á landsmeðaltali eða ofar á samræmdum könnunarprófum
Að festa Uppbyggingarstefnuna í sessi, sérstök áhersla á yngra stigið	Teymishópur mótar áherslur og leiðir og skerpir á áherslum og stefnu meðal starfsfólks	Teymishópur	Samráðsfundir kennara og teymis þar sem metinn er árangur. Teymishópur leggur fyrir könnun meðal kennara á haustönn til að meta stöðuna. Könnun lögð fyrir starfsfólk og nemendur á vorönn um hvernig tekist hefur
Gera aðstöðu fyrir nemendur á göngum meira aðlaðandi	Myndaður teymishópur sem í eru: fulltrúar nemenda, kennara og starfsfólks. Hópurinn kemur með tillögur til úrbóta	Teymishópur	Gert er ráð fyrir að allt verði tilbúið í nóvember. Umgengni og hegðun nemenda metinn á vorönn

Efla framsögn og umræður	Fræðsla um hvernig hægt er að efla umræðuformið. Í hverjum bekk verða sett inn verkefni sem nemendur skila af sér munnlega. Farið yfir á deildarfundum hvaða verkefni verða tekin í hverjum árgangi	Skólastjórnendur	Staðan metin á deildarfundum
Efla gagnrýna hugsun nemenda	Fyrirlestur um hvernig er hægt að kenna nemendum gagnrýna hugsun. Á vinnufundum kennara er rætt hvaða aðferðir gagnast vel	Skólastjórnendur	Staðan metin á deildarfundum
Að auka ábyrgð nemenda	Umsjónarkennarar í 8. - 10. bekk hafa einstaklingsviðtöl við nemendur tvisvar á ári, þar er m.a. rætt um ábyrgð nemenda. Aðalumræðuefni á bekkjarfundum skólastjórnenda verður ábyrgð nemenda. Nemendur fá kynningu á nýrri reglugerð um ábyrgð nemenda. Leitað verður leiða við að auka ábyrgð nemenda í mótun á jákvæðum skólabrag	Umsjónarkennarar	Staðan metin á deildarfundum. Skilagrein til stjórnenda í lok anna um einstaklingsviðtöl
Efla fagvitund kennara	Þróunarverkefni á yngsta- og miðstigi, Bóknámskennarar á elsta stigi hittast til faglegra umræðna. Fyrirlestrar frá HÍ: Jón Torfi Jónasson og Hafþór Guðjónsson. Kennsluráðgjafar fengnir til ráðgjafar. Kennarar hvattir til að afla sér nýrrar þekkingar í sínu fagi	Skólastjórnendur	Kennarakönnun í lok skólaárs
Tryggja sjálfsmat	Samin ný matsáætlun til þriggja ára. Skólapúlsinn tekinn í notkun	Sjálfsmatssteymi	Sjálfsmatsskýrsla lögð fram í lok skólaárs
Stífgandi í lestrarprófum í 5. – 10. bekk	Farið er yfir lestarpróf í 5. – 10. bekk, þau flokkuð og endurskoðuð	Lestrarteymi	Metið hvort að vinnan hafi átt sér stað
Nýta umhverfið til náms	Móta skipulag fyrir útikennslu. Setja fram áætlun fyrir verkefnið í Gryfjunni	Gryfjuteymi	Könnun lögð fyrir skólaárið 2013-2014
Efla foreldrasamstarf	Skólastjóri fundar með stjórn foreldrafélagsins. Sett fram áætlun um hvernig efla megi samstarfið	Skólastjórn og stjórn foreldrafélagsins	
Áhugasamir nemendur – árangursríkara skólastarf	Bóknámskennarar hittast reglulega til faglegrar umræðu og ræða kennsluhætti á unglingastigi með það að markmiði að efla áhuga nemenda og bæta námsárangur enn frekar	Skólastjórnendur	Niðurstöður úr Skólapúlsinum skoðaðar m.t.t. markmiða hópsins

## Símenntun

Í 12. grein grunnskólalaga er gert ráð fyrir að hver skóli móti áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá.

Símenntun starfsmanna má skipta í tvo meginþætti: Annars vegar þætti sem nauðsynlegir eru fyrir skólann og hins vegar þætti sem starfsmaður metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.

Til símenntunar flokkast öll formleg fræðsla s.s.

- nám
- námskeið
- fræðsluerindi
- fræðslufundir

Óformleg fræðsla getur einnig flokkast undir símenntun s.s.

- vettvangsferðir
- handleiðsla og leiðsögn meðal starfsfélaga
- kynningar á kennarafundum
- heimsóknir inn í kennslu til samkennara
- skipulagðir leshringir

Starfsmenn gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Skólastjóri greinir starfsmanni frá hvaða markmiðum hann vill að hann náí. Leitast er við að uppfylla óskir starfsmanna ef þær að áliti skólastjóra falla að símenntunaráætlun skólans.

Áherslur næsta skólaárs eru skilgreindar og áætluð þörf á símenntun fyrir alla starfsmenn, einstaklinga eða hópa. Ákvörðun um námskeið eða fræðslufundi byggir á stefnu skólans, áhersluatriðum og þróunarstarfi næsta vetrar og umbótastarfi sem grundvallast á sjálfsmati skólans. Tekið er tillit til fjárhagsáætlunar skólans.

Í september er farið yfir áætlunina með starfsfólki.

Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun starfsfólks sé ávallt í endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmaður óskar eftir þátttöku í fræðslu eða námskeiðum þegar við á. Starfsmenn skrá sjálfir sína menntun á þar til gert eyðublað og skila til skólastjóra að vori.

Starfsmönnum ber að sækja námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og starfsmönnum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

- Jafningjafræðsla. Hvert tækifæri er notað til að kennarar fræði samstarfsfólk um hin ýmsu atriði sem snerta skólastarfið svo sem frásagnir af góðum árangri í starfi eða segja frá góðum greinum og lefni sem tengjast kennslumálum.
- Allir starfsmenn eiga kost á að sækja ýmis námskeið og námsstefnur s.s. á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og fagsamtaka.

## Símenntunaráætlun starfsmanna skólaárið 2011-2012

Hópur	Lýsing á menntun	Tímabil	Umsjón
Kennarar	Árangur og gæði í skólastofunni. Ráðstefna Samtaka áhugafólks um skólaþróun	ágúst	Skólaþróun
Kennarar	Fræðsla. Almar Halldórsson ber saman niðurstöður í lesskilningi nemenda í Heiðarskóla í Pisa og á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk	25. ágúst	Skólastjórnendur og Námsmatsstofnun
Kennarar	Notkun og kennsla á Word. Farið í hvernig má nota Word t.d. til að semja stærðfræðipróf	haustönn	Sigurbjörg Róbertsdóttir
Allir starfsmenn	Fræðsluerindi - Fræðsla um ofnæmi, flogaveiki – birtingarform og viðbrögð	haustönn	Skólastjórn í samstarfi við skólaheilsugæslu
Allir starfsmenn	Olweusarkerfið gegn einelti Rifjuð upp helstu atriði kerfisins	haustönn	Deildarstjórar
Allir starfsmenn	Uppbyggingarstefnan. Rifjuð upp mikilvæg atriði í uppbyggingarstefnunni. Umræðufundir. Sérstaklega verður farið í vinnubrögð á yngsta stigi	haustönn vorönn	Teymishópur
Bóknámskennarar á unglíngastigi	Kennarar deila þekkingu sinni og reynslu. Framhald af þróunarverkefninu Áhugasamir nemendur – árangursríkara skólastarf	á skólaárinu	Skólastjórn - kennarar á unglíngastigi
Allir	Fræðsluerindi - einhverfa.	vorönn	Starfsmaður frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Allir	Fræðsluerindi. M.a. verður fjallað um fagmennsku kennara og meginmarkmið menntunnar	6. október	Skólastjórn og Jón Torfi Jónasson forseti Menntavísindasvið HÍ

Umsjónarkennarar í 1. – 3. bekk	Haldið áfram að vinna að þróunarverkefninu Læsisbrú. Fræðsluerindi, skólaheimsóknir	skólaárið	Bryndís Guðmundsdóttir
Kennarar	Hvernig kenna má nemendum gagnrýna hugsun	á vorönn	Skólastjórn og Jóhann Björnsson
Bóknámskennarar í 4. – 7. bekk	Fræðsla – umræður – skólaheimsóknir Bóknámskennarar í 4. – 7. bekk vinna að þróunarverkefninu : Skapandi nám – áhugasamir nemendur	allt skólaárið	Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarisdóttir Ingvar Sigurgeirsson
Kennarar	Kennsla - Publisher Kynning á möguleikum forritsins og hvernig það getur nýst í kennslu	haustönn	Sigurbjörg Róbertsdóttir
Stærðfræðikennarar á unglíngastigi	Ráðstefna Flatar	4. nóv	Skólastjórn
Allir starfsmenn	Umhverfið nýtt sem uppspretta náms. M.a. verður farið í fræðsluferð um Reykjanesið með leiðsögumönnum.	haustönn	Skólastjórn. Ferðamálasamtök Suðurnesja.
Allir starfsmenn	Fræðsla um umhverfismennt	vorönn	Skólastjórn ásamt teymi – Lærum og leikum úti í náttúrunni.
Kennarar	Fræðsluerindi - starfendarannsóknir. Hafþór fjallar um mikilvægi þess að kennarar rýni í eigin störf með það að markmiði að eflast í starfi	27.október	Hafþór Guðjónsson, Félag um starfendarannsóknir.

**Helstu samstarfsaðilar:**

Fagfólk innan skólans  
Námsmatsstofnun  
Háskóli Íslands, menntavísindasvið  
Félag um starfendarannsóknir  
Heilsugæsla Suðurnesja  
Greiningar- og ráðgjafarstöð Íslands  
Ferðamálasamtök Suðurnesja  
Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

## Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla og í aðalnámskrá eru ákvæði um sjálfsmat skóla. Mat á skólastarfi er stöðug viðleitni til að gera góðan skóla enn betri með mælingum á framkvæmd starfsins, endurskoðun og umbótaáætlunum í kjölfar þeirra. Matið er verkfæri til að bæta gæði náms og þeirrar þjónustu sem við viljum veita nemendum okkar og aðstandendum þeirra. Markmiðin í skólastarfinu, bæði aðalnámskrá og skólanámskrá, svo og aðstæður skólans á hverjum tíma eru undirstaða matsins.

Sjálfsmatið dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Eftir mat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort að umbætur hafi skilað sér. Sjálfsmat þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Menntamálaráðuneytið gerir úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans á fimm ára fresti. Í mars 2008 voru sjálfsmatsaðferðir Heiðarskóla teknar út og niðurstöður ráðuneytisins voru ánægjulegar en samkvæmt þeim viðmiðum sem ráðuneytið setur teljast sjálfsmatsaðferðir skólans og framkvæmd þeirra fullnægjandi.

### Tilgangur og markmið

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi er að:  
leita leiða til að bæta námsárangur nemenda

- efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild
- auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa bæði nemenda og starfsfólks
- skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti
- stuðla að þróun og vexti skólans
- tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við

### Sjálfsmatsteymi 2011-2012

Við skólann starfar sjálfsmatsteymi sem vinnur sjálfsmatsáætlun skólans og ber ábyrgð á framkvæmdinni. Matsáætlun er gerð til þriggja ára og tekur matið til alls skólastarfsins. Nánari áætlun er gerð á hverju hausti. Skýrslugerð er í höndum teymisins og er áætlað að hún sé tilbúin á hverju vori. Skýrslan er varðveitt hjá skólastjórnendum, hún er kynnt skólaráði og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Teymið kynnir niðurstöður þeim sem matið varðar hverju sinni.

Í Heiðarskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, samvinnu o.fl. Sjálfsmatið er framkvæmt með spurningalistum, viðhorfskönnunum og námsmati. Haustið 2011 gerðist skólinn aðila að matskerfi Skólapúlsins.

## Matsáætlun Heiðarskóla 2011-2012

Hvað er skoðað	Hvenær	Undirbúningur og framkvæmd	Úrvinnsla	Hvað er gert við niðurstöður
Skólanámskrá endurskoðuð, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá	Haust	Stjórnendur og allir starfsmenn	Skólastjórnendur	Birt skólaráði, fræðsluráði og á heimasíðu skólans, útprentað eintak hjá ritaraborði
Hreyfiproskapróf lagt fyrir í 1. bekk	Ágúst/sept	Íþróttakennarar	Íþróttakennarar	Niðurstöður kynntar umsjónarkennurum og brugðist við niðurstöðum
Skólapúlsinn	Allt skólaárið	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur/sjálfsmatsteymi	Niðurstöður kynntar starfsfólki, skólaráði og foreldrum
Raddlestur – próf lagt fyrir 8. og 9. bekk	Ágúst	Sérkennari	Sérkennari	Farið yfir niðurstöður með umsjónarkennurum og íslenskukennurum. Brugðist við niðurstöðum, áætlanir gerðar til úrbóta
Lestur – GRP 14 lestrarskimun lögð fyrir 9. bekk	Ágúst	Sérkennari	Sérkennari	Farið yfir niðurstöður með umsjónarkennurum og íslenskukennurum. Umsjónarkennari ræðir niðurstöður við foreldra. Brugðist við niðurstöðum, áætlanir gerðar til úrbóta
Viðhorf foreldra til Frístundaskólans	Jan/feb	Sjálfsmatsteymi	Sjálfsmatsteymi	Stjórnendur skólans og starfsfólk Frístundaskólans bregst við niðurstöðunum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði
Lestrarskimun Leið til læsis lögð fyrir 1. bekk	Haust	Umsjónarkennari í 1. bekk/sérkennari	Umsjónarkennari í 1. bekk/sérkennari	Brugðist við niðurstöðum, áætlanir gerðar til úrbóta. Umsjónarkennarar ræða niðurstöður við foreldra
Viðhorf starfsfólks til Uppbyggingarstefnunnar	Apríl	Teymishópur/Sjálfsmatsteymi	Teymishópur/sjálfsmatsteymi	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði
Mat á þróunarverkefninu Læsisbrú	Vor	Verkefnisstjóri og þátttakendur	Verkefnisstjóri/skólastjórnendur	Niðurtöður kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði. Lokaskýrsla sent til Sprotasjóðs
Má á þróunarverkefni í 4. – 7. bekk	Vor	Verkefnisstjóri og þátttakendur	Verkefnisstjórar/skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði. Skýrsla send til Sprotasjóðs
Framkvæmd bekkjarfunda samkvæmt Olweus	Haust	Skólastjórnendur	Deildarstjóri eldri stigs	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi
Læsi 2 lagt fyrir í 2. bekk	Vor	Kennsluráðgjafi FRÆ, umsjónarkennarar og deildarstjóri	Kennsluráðgjafi FRÆ, umsjónarkennarar og deildarstjóri yngri stigs	Kennarar bregðast við niðurstöðum, fundað með sérkennara. Niðurstöður kynntar foreldrum
Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í	Des/jan	Námsmatsstofnun, deildarstjórar og kennarar	Námsmatsstofnun, deildarstjórar og kennarar	Kennarar bregðast við niðurstöðum. Farið vel yfir hvern prófþátt fyrir sig og

4., 7. og 10. bekk				áætlanir gerðar til umbóta þar sem þörf er á. Kynning á niðurstöðum greininga fyrir kennara
Viðhorf foreldra til lestrarkennslu nemenda við upphaf skólagöngu	Vor	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Niðurstöðurnar kynntar umsjónarkennurum, skólastjórnendum og skólaráði

## Heilsugæsla

Megin markmið skólaheilsugæslu er að stuðla að nemendur fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á.

Heilsugæsla skólabarna er framhald af ungbarnavernd. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda.

Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

### Reglubundnar skoðanir og bólusetningar

1. bekkur Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling. Viðtal um lífsstíl og líðan.
4. bekkur Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling. Viðtal um lífsstíl og líðan.
7. bekkur Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling, athugun á litaskyni. Bólusettt gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Stúlkur bólusettar gegn HPV (3 sprautur). Viðtal um lífsstíl og líðan.
9. bekkur Sjónpróf, heyrnarpróf, hæðar- og þyngdarmæling. Bólusettt gegn mænusótt, kíghósta, barnaveiki og stífkrampa (1 sprauta). Viðtal um lífsstíl og líðan.

Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef þörf er á.

Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusettt þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna. Bólusetningar barna eru alltaf á ábyrgð foreldra.

### 6-H heilsunnar-heilbrigðisfræðsla

Skólaheilsugæslan sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar.

Áherslur fræðslunnar eru **Hollusta - Hvíld - Hreyfing – Hreinlæti - Hamingja - Hugrekki** og kynheilbrigði.

### Tannvernd

Flúorskolun fer fram skv. Lýðheilsustöð 12 sinnum á ári. Nemendur fá fræðslu um gagnsemi flúors og tannhirðu. Reglulegt eftirlit með tönnum er mikilvægt og er það á ábyrgð foreldra.

### Slys og veikindi

Mikilvægt er að skólaheilsugæslan viti af börnum með langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma. Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða

slysamóttöku fylgja foreldrar/forráðamenn barninu. Öll slys á nemendum sem verða á skólatíma eru skráð á þar til gerð eyðublöð og eru geymd hjá ritara skólans.

Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra/forráðamenn á skólatíma barnsins.

**Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólaheilsugæslunni.**

### **Lyfjagjafir**

Skólaheilsugæslan hefur umsjón með lyfjagjöfum skólabarna í samráði við foreldra.

Einungis eru gefin lyf sem ávísuð eru af lækni. Hafa ber í huga að barn getur ekki í neinu tilviki sjálft borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldranna. Börn skulu ekki hafa lyf undir höndum í skólanum nema í undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlínjafir sem barnið sér alfarið sjálft um.

### **Vellíðan**

Til að njóta sín í skólanum verður barninu að líða vel í skólanum. Skólaheilsugæslan hvetur foreldra til að vera vakandi yfir líðan barnsins og spyrja reglulega um líðan. Einnig að hafa hugfast að hrós og hvatning styrkja jákvæða hegðun og auka vellíðan. Foreldrar geta ávalt leitað ráðgjafar hjá skólaheilsugæslunni varðandi andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

### **Lús**

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn kambi og/eða leiti að lús í hári barna sinna reglulega t.d. einu sinni í viku. Ef lús finnst í hári barnsins ber að tilkynna það kennara barnsins.

Þegar lús kemur upp í skólanum er send tilkynning heim ásamt leiðbeiningum um meðferð. Kemming og meðferð er á ábyrgð foreldra.

## **Foreldrafélagið**

Foreldrafélag Heiðarskóla er skammstafað FFHS.

Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda og efla samstarf heimila og skóla.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. með virkri upplýsingamiðlun til og frá foreldrum og með þátttöku í samstarfi við önnur foreldrafélög. FFHS er aðili að FFGÍR sem samanstendur af foreldrafélögum og foreldraráðum grunnskólanna í Reykjanesbæ. Fulltrúi úr stjórn FFHS situr fundi FFGÍR sem haldnir eru öllu jöfnu einu sinni í mánuði.

Fulltrúi úr stjórn FFHS situr í skólaráði.

Stjórn foreldrafélagsins hefur frumkvæði að því að hver bekkur eigi sinn bekkjarfulltrúa.

Upplýsingar um foreldrafélagið og foreldraráð er að finna á heimasíðu skólans.

## **Starfsáætlun Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2011-2012**

Fundir FFHS eru haldnir fyrsta mánudag í hverjum mánuði í Heiðarskóla. Fundir standa í 45 mínútur.

Helstu verkefni:

- Fyrirlestrar, kynningar í samstarfi við FFGÍR.
- Jólafundur Heiðarskóla verður haldið föstudaginn 2. desember 2011, kl. 17:00-19:00. Foreldrafélagið leitar eftir aðstoð bekkjarfulltrúa varðandi jólafundrið.
- Sumarhátíð Heiðarskóla verður haldin á vordögum en hún hefur verið haldin á föstudegi kl. 17:00-19:00. Foreldrafélagið leitar eftir aðstoða bekkjarfulltrúa
- vegna aðkomu þeirra að sumarhátíðinni.
- Foreldrafélagið styrkir nemendur í 10. bekk vegna skólaferðalags eins og gert hefur verið til margra ára.
- Foreldrafélagið hefur undanfarin ár gefið skólanum gjafir sem nýst hafa öllum nemendum skólans. Markmið foreldrafélagsins er að gjafir til skólans séu með þeim hætti að þær nýtist nemendum skólans og skólastarfinu í heild sinni.
- Foreldrafélagið gefur nemendum í 10. bekk rósir eða nellikkur sem þeir bera á hátíðarkvöldverði nemenda, kennara og starfsmanna skólans.
- Foreldrafélagið styrkir rútuferð eldri nemenda á skólahreystikeppni grunnskólana.
- Fundur verður haldinn með bekkjarfulltrúum á skólaárinu og farið verður yfir hlutverk þeirra.
- Stjórn foreldrafélagsins fundar með skólastjóra og sett verður fram áætlun um hvernig efla megi enn frekar samstarfið.
- Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á vordögum.